

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt  
tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr flokki A í 1. gr. reglugerðarinnar:  
20.07.11 til og með 20.07.70, 21.07.07, 21.07.08, 22.01.01 og 22.02.01 til og með  
22.03.09.

2. gr.

Sérstakt vörugjald af drykkjarvörum sem flokkast undir tollskrárnúmer 21.07.12 og  
21.07.19 í flokki A í 1. gr. reglugerðarinnar falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978  
um sérstakt tímabundið vörugjald öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984.

*Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 313 13. maí 1983 um tollfrjálsan  
farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.,  
sbr. reglugerð nr. 594 8. ágúst 1983 og reglugerð nr. 811  
23. desember 1983 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur  
1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Miða skal við að hver  
flaska af öli innihaldi 0,5 l og skal flöskutala, sbr. 1. mgr., breytast til samræmis við frávik  
þar frá. Sé um innlent öl að ræða í 33 cl umbúðum er heimilt að koma með til landsins án  
greiðslu aðflutningsgjalda allt að tvöföldu því magni í flöskum talið, sem upp er gefið í 1.  
mgr.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira af  
varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa  
einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem  
tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi

gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

|                                                                                                               |                            |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------|
| A. Áfengi:                                                                                                    | kr/l                       |
| 1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín .....                                                          | 130                        |
| 2. Portvín, sherry og madeira .....                                                                           | 170                        |
| 3. Vermút og aperítívar .....                                                                                 | 250                        |
| 4. Íslenskar áfengistegundir .....                                                                            | 440                        |
| 5. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar,<br>svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. .... | 690                        |
| B. Tóbak:                                                                                                     |                            |
| 1. Reyktóbak .....                                                                                            | 375 kr/tylft bréfa eða lb. |
| 2. Vindlingar .....                                                                                           | 400 kr/200 stk.            |
| 3. Smávindlar .....                                                                                           | 50 kr/ 10 stk.             |
| Meðalstærð .....                                                                                              | 225 kr/ 25 stk.            |
| Vindlar, aðrir .....                                                                                          | 275 kr/ 25 stk.            |

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftrilít með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

Höskuldur Jónsson.